



Hanaslagur.

Menn hafa reynt sig í svona leik frá örófi alda. Hvað er málið með hænsfugla?

Yfirlit:

Keppendur standa á öðrum fæti og reyna að ýta andstæðingnum úr jafnvægi.

Hvað þarftu:

Rúmgott svæði og a.m.k. tvo þátttakendur þar sem leikurinn er keppni milli tveggja.

Hvað á að gera:

Þátttakendur taka sér stöðu fyrir framan hvorn annan. Lyfta öðrum fæti upp og setja hendurnar undir handarkrikann. Nú líta þátttakendur út eins og hanar og ekki úr vegi að menn gefi frá sér viðeigandi hljóð. Þátttakendur eða stjórnandi telja inn í slaginn. Markmiðið er að ýta við andstæðingnum þannig að hann detti eða setji annan fótinn niður á jörðina. Bannað er að ýta með höndunum, þær eiga að vera eins og vængir hanans allann tímann. Þegar maður er búinn að vinna þá réttir maður upp hönd og er tilbúinn að slást við næsta andstæðing.